

Mál nr. 153/2019**M og
V vegna slysaftryggingar fjölskylduftryggingar og slysaftryggingar A****Deilt um hvort tjónsatvik hafi verið slys í skilningi vátryggingarskilmála****Gögn.**

Málskot, móttækið 23.04.2019, ásamt fylgiskjölum 1-15.

Bréf V, dags. 22.05.2019.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 24.05.2019.

Frekari viðbótarathugasemdir M, dags. 27.05.2019.

Málsatvik.

Hinn 11. mars 2018 fékk M hnykk á bakið þegar hann var að lyfta skíðum á vélsleða á heimili sínu og var í kjölfarið fluttur á slysadeild. Eftir atvikið greindist M með útbungun á liðþófa og byrjandi brjósklos.

M sendi V tjónstilkynningu vegna atviksins hinn 28. mars 2018. Þar lýsti hann atvikum svo að þegar hann hafi verið að lyfta upp skíði á sleðanum, sem var í hurðargættinni á heimili hans, hafi faðir hans komið óumbeðinn og sparkað í sleðann, og hafi sú athöfn valdið því að M fékk hnykk á bakið. Með bréfi dagsettu 18. júní 2018 hafnaði V bótaskyldu á grundvelli þess að ósannað væri að atvikið hefði átt sér stað með þeim hætti, auk þess sem M hefði langa sögu um bakverki og hefði síðast leitað læknis vegna þeirra tveimur dögum fyrir umrætt atvik. Því væri bótaskylda hvorki fyrir hendi úr slysaftryggingu fjölskylduftryggingar M hjá A né úr slysaftryggingu félags hans, A. M mótmælir þeirri afstöðu, ástæða þess að aðkomu föður hans sé ekki getið í bráðamóttökuskrá vegna slyssins, og atvikalýsingum beri því ekki saman, sé sú að hann hafi verið undir áhrifum sterkra verkjalyfja við komu á bráðamóttöku, og muni í raun ekki eftir því að hafa rætt atvikið. Þá mótmælir M því að ekkert rökstyðji aðkomu föður hans að atvikinu, enda sé hann tilbúinn að bera vitni um atvikið gerist þess þörf.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að félagið telji að ekki hafi verið um slys að ræða í skilningi umræddra vátryggingarskilmála. Þannig sé áskilið að um skyndilegan, utanaðkomandi atburð sé að ræða og að tjón verði rakið til ákomu eða áhrifa utan frá. Í læknisvottorðum vegna málsins komi hins vegar fram að M hafi verið að lyfta þungum vélsleða og síðan fengið skyndilegan verk í bakið. Lýsing M á atvikum í tjónstilkynningu, þ.e. um að faðir hans hafi haft aðkomu að þessu atviki, sé á skjön við þessar lýsingar. Mikið þurfi að koma til svo fallist verði á síðar tilkomna málsatvikalýsingu, enda séu engin gögn fyrirbyggjandi sem styðji frásögn M af atvikum. Því verði ekki byggt á henni, og þar sem sú athöfn að lyfta þungu sé ekki talin utanaðkomandi atburður sé atvikið ekki bótaskyld.

Álit.

Í 2. gr. VII. kafla vátryggingarskilmála umræddrar fjölskylduftryggingar og í 3. gr. slysaftryggingar A hjá V er að finna skilgreiningu á slyshugtakinu. Þar kemur fram að með hugtakinu slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. Kemur þá til skoðunar hvort umrætt atvik hafi verið slys í þessum skilningi. Við mat á því verður að líta til þess að í bráðamóttökuskrá, svo og öllum eftirfarandi læknisvottorðum sem fyrir nefndinni liggja, er atvikinu lýst svo að M hafi verið að lyfta þungum vélsleða þegar hann hafi skyndilega fengið verk í bakið og fallið í gólfíð. Hvergi nema í tjónstilkynningu M til V er fjallað um aðkomu föður M að þessu atviki, og þá liggur engin yfirlýsing eða vitnisburður frá föður M fyrir nefndinni. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því ekki talið að sýnt hafi verið fram á að um slys, í skilningi umræddra skilmála, hafi verið að ræða, en það að meiðsl verði við að lyfta einhverju þungu verður ekki talið slys í skilningi umræddra skilmála. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysaftryggingu sinni, eða slysaftryggingu A hjá V.

Reykjavík, 20. júní 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.